

Gott kvöld góðir áheyrendur. Ég heiti Björgvin Rúnar Leifsson og þetta er þáttur um Pink Floyd.

Í árslok 1971 var Roger Waters kominn með útlínur að nýrri plötu. Hann hafði nokkrar hugmyndir og var farinn að semja ný lög. Til dæmis var lagið "Time" bæði komið með laglínu og viðlag og svo var hann búinn að semja frekar óvenjulegt og róttækt 7:8 bassariff.

Fyrstu umræðurnar innan hljómsveitarinnar, sem leiddu til þess að "Dark Side of the Moon" varð til fóru fram við eldhúsborðið heima hjá Mason einhvern tíma nálægt áramótunum 1971 og 1972. Allir áttu þeir eitthvað af eldra, óútgefnu efni og ófullgerðum verkum en það var ekkert sérstakt þema til staðar á þessum tímamarki, sem gæti hjálpað Waters að þróa verkið áfram. Reyndar minnst Mason þessara tíma sem tíma hins rólega fjölskyldulífs hjá þeim öllum þó að allir væru þeir uppteknir af því sama og allar fjölskyldur, svo sem lokafrestum, ferðalögum, flugstressi, peningamálum, hræðslu við dauðann og hræðslu við að andlegt ójafnvægi þróist yfir í hreina geðveiki. Já, þeir bjuggu til svona lista við eldhúsborðið heima hjá Mason og þessi listi varð vopnabúr Waters þegar hann tók til við textasmíðina og þar með þema plötunnar.

Þegar Syd Barrett hætti 1968 féll það í hlut Waters að semja flesta textana. Gilmour og Wright sömdu frekar lítið af textum á þessum tíma og Wright sagði reyndar eitt sinn að ef orðin kæmu jafn hratt og músíkin og þeir hefðu ekkert annað að gera yrði heilmikið sett á blað af textum. Waters sýndi á Dark Side að hann er býsna góður lagatextasmiður og reyndar var þetta í fyrsta skipti sem þeir birtu textana á plötualbúminu einfaldlega af því að þeir voru hæstánægðir með hve vel þeir féllu að tónlistinni.

Á tiltölulega fáum vikum var fyrsta, ófullgerða útgáfa Dark Side til og þeir ákváðu að prófa hana á áheyrendum. Þeir héldu þó nokkra tónleika á fyrri hluta ársins 1972 með ófullgert verk og notuðu bæði viðbrögð áhorfenda og eigin tilfinningu fyrir verkinu til að þróa það áfram og var t.d. "On the Run" að miklu leyti byggt á síendurtekinni endurvinnslu þess efnis, sem prófað var í tónleikaröðinni. Þetta ófullgerða verk gekk ýmist undir nafninu "Eclipse", sem var um tíma vinnuheiti plötunnar, eða "Dark Side of the Moon, a Piece for Assorted Lunatics".

Að tónleikaröðinni og öðrum verkefnum loknum byrjaði stúdíóvinnan fyrir alvöru í júní 1972. Allir voru þeir mjög áhugasamir og sjálfsöryggið skein út úr þeim öllum. Þá skemmdi ekki fyrir að þeir voru nú orðnir framleiðendur eigin efnis og þurftu því ekki að kljást við lokadagsetningar af hálfu útgefenda.

Á þessum tíma urðu enn fremur kynslóðaskipti meðal starfsmanna hljóðveranna. Rokkkynslóðin var að taka yfir og hinir nýju tæknimenn skildu e.t.v. betur en fyrirrennararnir mikilvægi þess að eiga gott samstarf við listamennina og amast t.d. ekki við því að þeir tækju sjálfir upp skærin eða fíktuðu í upptökugræjunum endrum og eins. Abbey Road hljóðverið úthlutaði þeim tæknimanninum Alan Parsons en fyrir utan að vera einn besti tæknimaður þess tíma var hann býsna slyngur tónlistarmaður sjálfur og skv. Mason var það dálítið áfall að hann skyldi afþakka samstarf við gerð "Wish You Were Here" og hefja eigin tónlistarferil í Alan Parsons Project.

Inngangurinn að "Dark Side", sem þið heyrðuð örlítið brot af í upphafi þáttarins, heitir "Speak to Me" og er eftir Mason. Hér er um að ræða eins konar forleik eða forsmekk að því sem koma skal. Mason tók einfaldlega upp og lét renna saman búta úr öllum lögum plötunnar og bætti við hjartahljóðunum, ekki með raunverulegum hjartahljóðum, sem þeim fannst of stressuð, heldur með því að nota mjög mjúkan pedal á mjög dempaða bassatrommu og síðan var hægt svo mjög á slættinum að hvaða hjartalæknir sem er hefði haft miklar áhyggjur af sjúklingnum. Þá var haldið við hnausþykkann píanóstreng í meira en mínútu með tónlengingarpedalann í botni og þetta hljóð var svo spilað undir afturábak til að byggja verkið upp inn í næsta hluta.

"Breathe" er eftir alla nema Mason og er fyrsta tilraun þeirra til að nota sama lagið utan um önnur lög, þ.e. "On the Run" og "Time". Skararirnar milli "Breathe" og "On the Run" annars vegar og "Time" og "Breathe" hins vegar eru meistarastykki, sérstaklega sú síðari.

"On the Run" er eftir Gilmour og Waters og byggir að mestu á alls konar hljóðeffektum, m.a. úr hljóðgerflum, en enn fremur notuðu þeir töluvert úr hljóðsafni Abbey Road. Sprengingin í lok lagsins er sérstaklega áhrifarík á tónleikum þar sem flugvélmódel er látið renna yfir áhorfendur í átt að sviðinu og sprengt þar með miklum látum og er þetta hugmynd

ljósatæknimannsins Arthur Max. Hann skipulagði og betrubætti verulega ljósasýningar hljómsveitarinnar í tónleikaröðinni, sem fylgdi plötunni, þannig að eftir það fengu Pink Floyd tónleikar alveg nýja vídd.

Inngangurinn að "Time", sem er eftir þá alla fjóra, er frá Alan Parsons kominn en hann hafði farið í klukkubúð og tekið upp hin aðskiljanlegustu tikk takk hljóð klukkna af hinum aðskiljanlegustu stærðum og sortum.

"The Great Gig in the Sky" er eftir Richard Wright þó að söngkonan Clare Torry sé einnig skrifuð fyrir laginu og fái af því stefgjöld eftir að hafa unnið dómsmál árið 2005 á þeirri forsendu að framlag hennar, söngurinn, sem óneitanlega er hrein snilld, hafi jafngilt því að vera meðhöfundur lagsins. Mason getur ekkert um þetta dómsmál í bók sinni, "Inside Out", sem kom út árið á undan. Alla vega voru þeir mjög ánægðir með sönginn og Mason getur þess að þeir hafi almennt verið ánægðir með framlög aukatónlistarmanna á plötunni, svo sem saxófónleikarans Dick Parry á "Money" og "Us and Them", en hann átti eftir að koma meira við sögu hljómsveitarinnar síðar.

Waters og Mason bjuggu til peningahljóðin í "Money", sem er eftir Waters. Mason boraði göt í nokkra smápeninga, þræddi upp á band og sveiflaði taktfast í hringi en Waters tók upp hringlandi mynt í leirblöndunarskál konu sinnar. Pappír safrifshljóðið var einfaldlega búið til með því að rífa pappír fyrir framan hljóðnema og hljóðin í peningakössunum fengust í hljóðsafni hljóðversins.

"Us and Them" er mjög ljóðrænt lag eftir Wright með texta um stríðsfirringuna eftir Waters. Lagið er reyndar síðan þeir voru að vinna að Zabriskie Point og hét þá "Violent Sequence" en er eitt af mörgum, sem leikstjóri myndarinnar hafnaði. Þetta er enn fremur síðasta Pink Floyd lagið, sem Wright og Waters eru einir skrifaðir fyrir án aðkomu hinna.

"Any Color You Like" er eftir alla nema Waters og er að því er ég best veit síðasta Pink Floyd lagið þar sem Mason er titlaður meðhöfundur. Þetta lag virkar á áheyrandann sem eins konar hvíld á samþjappaðri plötunni áður en kemur að lokahluta hennar.

"Brain Damage" og "Eclipse" eru bæði eftir Waters og syngur hann þau sjálfur en Gilmour er að öðru leyti aðalsöngvarinn á plötunni. Lögin bera

bæði með sér hve rödd Waters fellur vel að hans eigin tónsmíðum. Fyrri lagið fjallar í aðra röndina um geðveiki og hafa ýmsir gert því skóna að Barrett sé fyrirmyndin sbr. "And if the band you're in starts playing different tunes" en Mason minnst ekki á þetta einu orði. Enn fremur er í textanum "I'll see you on the dark side of the moon" en þar er vísað til dekkri hliða mannshugans en ekki bakhliðar tunglsins en eins og flestir vita er hugtakið "lunacy" eða "tunglsýki" oft notað um hegðun eða ástand geðveiks fólks.

"Eclipse" breyttist töluvert í meðförum frá fyrstu spilun á tónleikum 1972 þar til á plötunni og segir Mason að það hafi breyst úr stykki, sem vantaði alla dynamík yfir í það sem hann kallar eiginlega "grand finale" og á sú lýsing einkar vel við lok þessarar mögnuðu plötu.

Þó að platan væri nú eiginlega tilbúin voru nokkur atriði eftir, sem öll hjálpuðust að að gera hana einstaka og að mínu mati og margra annarra bestu plötu Pink Floyd frá upphafi til enda. Í fyrsta lagi má nefna hið talaða mál víðs vegar á plötunni, svo sem "I know I am mad", "There is no dark side" og "I am not afraid of dying". Waters bjó til nokkrar spurningar um geðveiki, ofbeldi og dauðleika og Mason skrifaði þær niður á spjöld. Svo fengu þeir fólk á förnum vegi í hljóðverinu, þ.á.m. Paul og Lindu McCartney til að koma inn í upptökusalinn, snúa spjöldunum við, lesa spurningarnar í hljóði og svara þeim svo upphátt í hljóðnema. Þess má geta að Paul og Linda voru svo taugaóstyrk að þeir notuðu ekkert af þeirra svörum en þetta var hugsanlega upphafið að löngum venskap þeirra Paul og David Gilmour.

Í öðru lagi tóku þeir ákvörðun um að öll lögín á plötunni skyldu renna saman eða skarast hvert við annað og var þessi háttur hafður á eftir þetta á meðan Waters var í hljómsveitinni. Á þessum tíma var þetta hellings vinna en útkoman reyndist svo sannarlega virði hvernig klippingar, mistaka, leiðréttinga, handtaka og tíma.

Þá var það hljóðblöndunin. Þeir fengu til liðs við sig enn einn snillinginn, Chris Thomas, sem var reyndar tónlistarmaður frekar en tæknimaður. Í samstarfi við Pink Floyd hljóðblandaði hann lögín á plötunni.

Hér var það sem fyrsti ávæningur af væntanlegum grundvallarágreiningi kom upp. Að sjálfsögðu er það smekksatriði hvernig lag er hljóðblandað,

t.d. hvort gera eigi öllum hljóðfærum jafn hátt undir höfði eða að eitthvert eða einhver þeirra ættu að vera ofar en önnur. Menn rökræddu um raddir, hljóðeffekta, gítara og ryþma. Stundum voru þrjár tillögur lagðar fram en áður fyrr hafði það yfirleitt dugað til að leysa málin. Nú reyndist það hins vegar ekki nóg. Til að gera langa sögu stutta vildu Waters og Mason leggja áherslu á effekta og gera tilraunir með ýmiss konar mismunandi balans milli hljóðfæra en Gilmour og Wright vildu leggja meiri áherslu á tónlistina sjálfa. Svo ég einfaldi hlutina enn meir vildi Gilmour hafa tónlistina fljótandi og bergmálskennda en Waters vildi hafa hana mun þurrari eða hrárri. Á endanum tók Chris Thomas af skarið og gerði einfaldlega það sem hann taldi réttast þó að ég hafi grun um að hann hafi hallast aðeins meira að sjónarmiðum Gilmour og Wright því að útkoman er miklu frekar blaut en þurr. Skv. Mason minnst Thomas þessara daga ekki sem daga rifrildis, heldur hafi andrúmsloftið verið gott, vinnusemi mikil og allir mjög agaðir í vinnubrögðum. Svo ég leggi út af orðum í bók, sem ég las einu sinni má e.t.v. segja að eldingu hafi séð bregða fyrir á himni þó að þrumurnar heyrðust ekki fyrr en löngu síðar.

Platan kom út 24. mars 1973 og náði strax mjög miklum vinsældum austanhafs og vestan, bæði í enskumælandi löndum og á öðrum málsvæðum. Salan var í rauninni ofboðsleg og miklu meiri en hljómsveitarmeðlimir áttu nokkurn tíma von á. Ég ætla ekki að þreyta ykkur með sölutölum en Dark Side er ein vinsælasta og söluhæsta plata allra tíma og af mörgum enn fremur talin langbesta plata rokksögunnar. Sumir gagnrýnendur gengu meira að segja svo langt að kvarta yfir því að það væri ekki hægt að gagnrýna nokkurn hlut á plötunni - hún væri einfaldlega fullkomin. Mason stingur upp á nokkrum hugsanlegum skýringum, sem hann telur að geti allar átt við.

Aðalskýringuna telur hann vera styrk laganna, sem öll eru bæði kröftug og öflug. Hugmyndin að tengja öll lögin saman hafi enn fremur virkað vel og gefið plötunni alveg sérstakan blæ. Textarnir hafa mikla dýpt en fjalla um leið um hversdagslega hluti, sem almenningur þekkir úr daglegu lífi, og enn fremur voru þeir nógu einfaldir til að fólk utan enskumælandi landa á auðvelt með að skilja þá. Þá segir Mason hreint út að gæði tónlistarinnar á plötunni, leidd af gítari Gilmour og hljómborðum Wright hafi búið til eiginlega fullkomið Pink Floyd sánd.

Önnur atriði, sem skiptu máli telur Mason m.a. vera þátt annarra

tónlistarmanna, svo sem Clare Torry og Dick Parry, og hinna hæfileikaríku tæknimanna, þeirra Parsons og Thomas. Hann telur þátt þeirra síðarnefndu sérstaklega mikilvægan í ljósi þess að á þessum tíma voru steríógræjur að verða almenningseign en platan er steríóískt listaverk. Ég minnst reyndar þess að þegar ég fékk plötuna í jólagjöf frá verðandi konu minni 1973 átti ég bara mónóplötuspilara tengdan við lampaútlarp. Þetta var bæði fyrsta jólagjöfin frá kærustunni og jafnframt fyrsta Pink Floyd platan, sem ég eignaðist og af því að ég var ekki betra vanur fannst mér hún hljóma stórkostlega í hinum fátæklegu græjum.

Mason nefnir enn fremur hina stórkostlegu umslagshönnun Storm Thorgerson og síðast en e.t.v. ekki síð að platan varð víst mjög vinsæl sem undirspil við ástarleiki.

Að lokum má geta þess að bankastjóra Mason þótti lítið til þess koma að hann átti söluhæstu plötuna í Bandaríkjunum á ákveðnum tímamarki og neitaði honum um lítið lán til að brúa bilið um stundarsakir.

Ég heiti BRL og veit eitthvað þínulítið um Pink Floyd. Ég þakka þeim sem hlýddu og óska ykkur öllum ánægjulegra stunda.

Lög: Dark Side of the Moon

<https://www.youtube.com/watch?v=nmwF7cy-L8Q>

© Björgvin R. Leifsson 2013